# Áfangalýsing

| | |
|---|---|
| **Titill** | **Excel notkun** |
| **Námsgrein** | Excel |
| **Viðfangsefni** | Notkunarmöguleikar Excel-Gagnagreining og tilbúin föll(function) |
| **Skammstöfun** | EXCE2GF05 |
| **Staða** | |
| **Þrep** | 2 |
| **Einingafjöldi** | 5 |
| **Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla** | |
| **Lýsing** | Í áfanganum eru notkunarmöguleikar Excel-töflureiknis skoðaðir. Góð kunnátta í Excel veitir nemendum forskot á vinnumarkaði og áframhaldandi námi. Lögð er áhersla á almennna gagnavinnslu, tilbúin föll(function) og **hvernig Excel nýtist í nútímastörfum og námi**. Forritunarmöguleikar í excel verða skoðaðir og Pivot töflur. Áfanginn er mjög verkefnamiðaður þar sem nemendur fást við raunveruleg vandamál og þjálfast í finna eigin leiðir að lausnum.<br><br>Mælst er til að nemendur hafi eigin tölvu í náminu með Excel. |
| **Forkröfur** | Engar, en gert er ráð fyrir ágætri almennri tölvufærni. Æskilegt er að nemendur hafi lokið TÖLN1GR05 en það er þó ekki skylda. |
| **Þekkingarviðmið** | **Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:**<br>-helstu notkunarmöguleikum Excel töflureiknis<br>-tilbúnum föllum(Function) í Excel<br>-töflugerð í Excel<br>-flokkun gagna<br>-útlitsbreytingum taflna í Excel<br>-notkunarmöguleikum Macro í excel (upptaka aðgerða)<br>-Forritunarmöguleikum í Excel |
| **Leikniviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**<br>-breyta skjölum m.v. ákveðnar útlitskröfur<br>-flokka gögn<br>-láta Excel flokka gögn sjálfvirkt eftir fyrirfram gefinni forskrift<br>-nota tilbúinn föll(function) við mismunandi verkefni<br>-nota Macro til að flýta fyrir endurteknum aðgerðum<br>-búa til töflur og breyta þeim á ýmsan hátt<br>-sækja upplýsingar í gagnasöfn með hjálp tilbúinna falla |
| **Hæfniviðmið** | **Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**<br>-nota Excel á skapandi hátt við mismunandi verkefni<br>-sýna sjálfstæði í vinnubrögðum<br>-sjá notkunarmöguleika excel við utanumhald og meðferð gagna í daglegu lífi |
| **Námsmat** | Símat sem byggir bæði hópverkefnum, einstaklingsverkefnum og prófum. |
| **Útgáfunúmer** | |

| | |
|---|---|
| **Skólar** | FSu |
| **Fyrirmynd** | |
| | |